



Þróunarverkefnið

Læsi fyrir lífið

Veturinn 2024 - 2025
í Þingeyjarskóla

Stöðuskýrsla

Þróunarverkefnið - Læsi fyrir lífið

Þingeyjarskóli hóf vorið 2023 samstarf við Háskólann á Akureyri um þróunarverkefni sem nefnist *Læsi fyrir lífið*. Verkefnið miðar að því að efla læsiskennslu með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Í verkefninu *Læsi fyrir lífið* er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda. Lögð er áhersla á að kennarar og nemendur tileinki sér fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi. Lögð er sérstök áhersla á fjóra grunnþætti læsis:

- Lestur og lesskilning
- Lesfimi
- Ritun og miðlun
- Samræðu, tjáningu og hlustun

Markmið þróunarverkefnisins er að:

- efla læsisfærni nemenda ár frá ári
- flétta læsi inn í allt skólastarf alla daga ársins

Gert er ráð fyrir að allir kennarar skólans taki þátt á einn eða annan hátt í þróunarverkefninu. Markhópurinn er mið- og unglingastig en yngsta stig mun einnig taka þátt með einum eða öðrum hætti. Stefnt er að þróunarverkefnið standi yfir í 4 ár, frá vori 2023 - maí 2027.

Með þátttöku í verkefninu taka kennarar þátt í lærdómsferli, þeir ígrunda eigið starf og tileinka sér nýja þekkingu í samstarfi við starfsfélaga og ráðgjafa frá Miðstöð skólapróunar við HA. Fræðilegt og hagnýtt efni verður aðgengilegt fyrir kennarana á canvasvef msha.

Markmið með starfsþróun í skólum er að stuðla að betri árangri í skólastarfi.

Ferlið:

Kennarar taka þátt í 4 fræðslufundum/námskeiðum yfir skólaárið og fá í hendurnar verkfæri til að nýta í kennslu. Ráðgjafi msha verður Anna Sigrún Rafnsdóttir og mun hún halda utan um alla ráðgjöf frá HA við Þingeyjarskóla. Einu sinni mun hún koma á kennslutíma og veita stuðning og ráðgjöf. Hulda Svanbergisdóttir læsisfræðingur skólans mun verða tengiliður við HA. Í lok verkefnisins fá kennarar aðstoð við að koma markmiðum og verkfærum sem þeir hafa verið að vinna með inn í skólanámskrána.

Viðfangsefni:

1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun	Samræða, tjáning og hlustun	Að festa LFL í sessi

Markmið**Nemendur:**

- Að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með áherslu á orðaforða, lesskilning, samræðu, tjáningu, hlustun og ritun og miðlun.
- Að efla áhuga og virkni nemenda í námi

Kennarar:

- Að kennarar leiti leiða til að efla læsi í öllum námsgreinum alla daga í skólastarfinu
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar og áhrifaríkar aðferðir til að efla læsi og lesskilning á mið- og unglingastigi og almennt að vinna með orðaforða í öllum greinum sem kenndar eru í grunnskóla
- Að kennarar leggi rækt við áhugahvöt, sjálfstæði, einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda á eigin námi.

Veturinn 2024 - 2025**September:**

Anna Sigrún kom til okkar 11. september og var með 3 klst. námskeið um hugtakakort. Hún byrjaði á að rifja upp það sem við gerðum í fyrra varðandi gagnvirkan lestur og kynnti síðan fyrir okkur hugtakakortin. Starfsfólk vann m.a. eitt slíkt. Anna Sigrún kemur næst í október á kennslutíma og verður með áhorf. Þangað til eiga kennarar að æfa sem oftast gagnvirkan lestur og/eða hugtakakort. Hún minnti okkur á að taka myndir af verkefnum nemenda.

Október:

Anna Sigrún kom til okkar mánudaginn 14. október og var með áhorf inn í bekkjum.

Nóvember:

Anna Sigrún kom til okkar 27. nóvember og fjallaði hún um ritun og undirbyggingu hennar. Skoðað var hvað góðir ritunarkennarar gera og hvað þarf að hafa í huga í undirbúningi og hvernig við hugum að því sem við gerum með nemendum áður en ritunin sjálf hefst. Við unnum 3 verkefni sem snéru að því hvernig við getum byggt undir notkun á orðaforða nemenda í ritunarverkefnum sem snúa meira að skálduðum textum.

Það sem við áttum síðan að skoða hjá okkur fram að næsta hittingi var hvernig við högum stigskiptum stuðningi í ritunarkennslu hjá nemendum.

Febrúar:

Anna Sigrún kom 19. febrúar og var með áhorf á teymunum. Hún fór í tíma hjá öllum stigum ásamt því að fara einnig til verkgreinakennara. Hún náði að hitta suma í spjall strax eftir hádegi og aðra hittir hún seinna á teams.

Seinnipartinn var hún með fyrirlestur um ritun. Hún tók upp þráðinn frá því síðast um ritun og miðlun og hélt áfram með fyrirlesturinn námsferill í ritun, skáldaðir textar og persónusköpun. Við unnum verkefni tengd persónulýsingum.

Anna Sigrún ætlar svo að senda á okkur póst í mars. Af því varð ekki.

Júní:

Anna Sigrún kom til okkar 2. júní og tók samantektarfund með okkur.

Hún minnti okkur á að taka myndir af verkefnum okkar og setja í myndamöppuna. Hún lagði fyrir okkur matslista fyrir bæði fyrsta og annað árið. Við fylltum út listana eftir stigum. Við bárum þá saman og áttum góða umræðu um þá. Á næsta ári

munum við fara í samræðu, tjáning og hlustun. Við sóttum um styrk í sprotasjóð vegna þróunarverkefnisins og fengum úthlutað styrk upp á tæpar 700 þúsund krónur.

Samantekt

Hér á eftir er samantekt frá kennurum um það sem þeir unnu með í vetur og hvernig gekk að vinna með verkfæri vetrarins.

Miðstig:

Vinnan með læsi fyrir lífið á miðstigi hefur verið svipuð og í fyrra.

Það sem hefur kannski breyst er að vinna með spæjara, kúreka og svo framv. hefur verið minni í ár en í fyrra. En í stað þess voru mun fleiri ritunarverkefni og unnið dýpra með ritunarrammann; persónusköpun, lýsingarorð og textagerð.

Við unnum orðaforðaverkefni í haust sem við kölluðum Orðabrunn, unnið var á fjölbreyttan hátt með bókina ÓGN, nemendur skrifuðu sínar eigin barnabækur og fóru reglulega í Kappsmálsleiki svo eitthvað sé nefnt.

Unglingastig:

Í vetur höfum við á unglingastigi unnið með ýmskonar ritunarverkefni ásamt vinnu með hugarkort. Í íslensku var unnið hugarkort út frá Gíslasögu. Einnig var unnið með óbeygjanleg orð í gegnum hugarkort. Nemendur í 9. og 10. bekk skrifuðu barnabækur sem þeir skiluðu á ýmsu formi t.d. í gegnum Canva. Nemendur í 10. bekk skrifuðu heimildaritgerð. Nemendur í 8. bekk gerðu ritunarverkefni úr bókinni Vetrarfrí sem og myndglósur. Nemendur í 9. bekk gerðu endursögn úr bókinni Akam ég og Annika. Nemendur í 10. bekk gerðu hugtakakort út frá fjármálalæsi í stærðfræði. Í dönsku var unnið með hugtakakort þegar farið var í orð tengdum líkamanum og í ensku var haldið áfram að vinna með spurnignastofna.

Verk- og listgreinakennarar:

Íþróttir og sund

Íþróttakennari hefur ekki tækifæri til að hengja upp myndir með orðaforða á veggjunum, Kennari var meðvitaður um að útskýra hugtök og orðaforða fyrir nemendur. Orðaforði er kominn inn í skólanámskrá og kennsluáætlanir.

Sjónlistir

Sjónlistakennari prentaði út myndir af verkfærum sem notuð eru í stofunni. Myndir af verkfærum voru hengdar upp í stofunni þar sem verkfærin eru geymd, auk þess sem

verkfæri voru merkt þar sem því var við komið. Orðaforðalisti og markmið hvers stigs hengd upp.

Kennarinn varð meðvitaðri um orðaforðann/hugtakanotkun og mikilvægi réttar orðanotkunar, hann var duglegur að spyrja nemendur út í orð, fá nemendur til að útskýra hugtök. Orðaforði er kominn inn í skólanámskrá og kennsluáætlanir.

Kennarinn ræddi við nemendur að þetta væru orðin sem þau þyrftu að læra að nota. Spurði þau eftir tímana hvaða orð var verið að nota og hvort notuð voru ný orð.

Textílmennt

Textílmenntakennari hélt áfram vinnunni við að útbúa og prenta út myndir af verkfærum sem notuð eru í stofunni. Myndir af verkfærum voru hengdar upp í stofunni þar sem verkfærin eru geymd, auk þess sem verkfæri voru merkt þar sem því var við komið. Orðaforðalisti og markmið hvers stigs hengd upp.

Kennarinn varð meðvitaðri um orðaforðann/hugtakanotkun og mikilvægi réttar orðanotkunar. Orðaforði er komin inn í kennsluáætlun.

Kennarinn ræddi við nemendur að þetta væru orðin sem þau þyrftu að læra að nota. Spurði þau eftir tímana hvaða orð voru við að nota og hvort notuð voru ný orð.

Nemendur á miðstigi og elsti hópur yngsta stigs unnu markvisst með orðaforðann. Í fyrsta tíma hjá hverjum hóp bað kennarinn nemendur að nefna orð sem þau hefðu lært í textíl síðasta vetur, öll orð voru skrifuð á töflu. Líflegar umræður sköpuðust um orðin og nokkur nýyrði slæddust inn, m.a. fingurvörn, þar sem við notum venjulega fingurbjörg, saumaskref þar sem við notum saumspor, saumteikning þar sem við notum snið. Kennari fagnaði nýyrðunum sérstaklega og umræður sköpuðust um þróun tungumáls, samheiti og nýyrði.

Því næst voru orðin flokkuð eftir því við hvaða aðstæður þau væru notuð, m.a. í flokkana Þæfing, vélsaumur, hekl og allir flokkar.

Nemendur fengu orðaforðalista niður klipptan og áttu að flokka orðin eftir því hvar þau héldu að þau væru notuð. Flokkarnir voru úr markmiðunum. Á miðstigi voru flokkarnir m.a. þæfing, vélsaumur, hekl, notað í öllum flokkum. Þessi æfing gekk mjög vel og skemmtilegar umræður sköpuðust.

Nemendur drógu orð og áttu að teikna mynd af því sem þau héldu að orðið þýddi. Myndirnar hanga uppi í stofunni ásamt orðinu. Þetta verkefni heppnaðist mjög vel, nemendur lærðu ný orð og skemmtileg umræða skapaðist um orðin og hvað þau

gætu þýtt/hvernig væri hægt að teikna þau. Nemendur á öðrum stigum spáðu líka mikið í myndunum og orðunum.

Verkefni með skriflegum leiðbeiningum og myndum kom vel út einnig sóknarskrift með orðaforða sem gekk vel. Nemendur voru jákvæðir fyrir orðaforðavinnunni.

Sameiginlegar hugleiðingar kennara: Okkur þótti námskeiðið gott en ekki námskeið sem allir starfsmenn þurfa að sitja, mest miðað að bóknámi. Kennari námskeiðisins kom inn í textíl- og sjónmenntar tíma til að fylgjast með, að áhorfi loknu gaf hún uppbyggilega og jákvæða gagnrýni. Við verkgreinakennarar kölluðum eftir fleiri hugmyndum og verkfærum fyrir okkur list- og verkgreinakennara og kennari námskeiðisins brást við því. Það er gott að hafa hugtök og orð inni í kennsluáætluninni.

Þingeyjarskóli júní, 2025

Hulda Svanbergsdóttir
Tengiliður þróunarverkefnisins